

FUNDARGERÐ

Árið 2016, föstudaginn 11. nóvember kl. 14:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Tómhúsi í innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Tinnu Dahl Christiansen og Elínu Gunnarsdóttur, sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi var Bergur Sigurjónsson, starfsmaður Jöfnunarsjóðs.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir 21. október 2016 og 31. október 2016

Lagðar voru fram fundargerðir frá 21. og 31. október 2016 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerðirnar samþykktar án athugasemda og undirritaðar.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2017

Lögð voru fram drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2017 vegna grunnskólans.

Breytingar sem orðið hafa á milli funda á drögum að greiðslu- og rekstraráætlun 2017 vegna grunnskólans eru þær að framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda til annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar hefur hækkað úr 967,8 m. kr. í 1.190,0 m.kr. Kemur sú hækking til af því að nefndin samþykkti á fundi 21. október sl. að framlag vegna viðmiðunarstiga í vinnu- og viðmiðunarreglum sjóðsins vegna sérþarfa fatlaðra nemenda var hækkað fyrir fjárhagsárið 2017.

Drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2017 vegna grunnskólans samþykkt án athugasemda.

3. Almennar og sérstakar húsaleigubætur

Reykjavíkurborg

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 11. nóvember 2016 ásamt bréfi Reykjavíkurborgar dags. 28. október 2016.

Í erindi Reykjavíkurborgar er óskað eftir staðfestingu á því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komi að greiðslum vegna almennra og sérstakra húsaleigubóta á árinu 2017 er falla til vegna fjárhagsársins 2016 en þann 1. janúar 2017 leysa lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016 af núverandi lög um húsaleigubætur nr. 138/1997. Í 12. gr. laga um húsaleigubætur nr. 138/1997 kemur fram að sé umsókn bótaþega ábótavant hafi hann tvo mánuði til að bæta úr því, en til þessa er vísað í erindi Reykjavíkurborgar varðandi aðkomu Jöfnunarsjóðsins.

Nefndin lagði til að sveitarfélögin yrðu upplýst um það að Jöfnunarsjóður komi að greiðslum almennra og sérstakra húsaleigubóta að minnsta kosti fyrstu þrjú mánuði ársins 2017, vegna geiðslna/leiðréttinga sem falla til á árinu 2016. Ár hvert hefur Jöfnunarsjóður kallað eftir yfirlitum frá sveitarfélögum yfir greiðslur næstliðins fjárhagsárs, sem undirritað er af

endurskoðanda, þar sem fjárhagsárið er gert upp með tilfallandi leiðréttingum. Við lokaskil yfirlitanna fyrir árið 2016 fá sveitarfélögin tækifæri til að koma að síðustu greiðslum/leiðréttingum vegna fjárhagsársins 2016, sem væntanlega verður til loka febrúar 2017.

4. Umsókn um framlag vegna sérstakra verkefna – 11. gr. rgl. nr. 960/2010

Reykjavíkurborg

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 8. nóvember 2016 ásamt bréfi Reykjavíkurborgar dags. 28. október 2016.

Í erindi Reykjavíkurborgar er sótt um framlag vegna sérstakra verkefna á grundvelli 11. gr. rgl. nr. 960/2010. Um er að ræða fimm verkefni sem borgin telur að annað hvort uppfylli markmið um hagræðingu í rekstri eða þar sem sveitarfélag hafi orðið fyrir ófyrirséðum útgöldum vegna lögákveðinna verkefna en verkefnin eru eftirfarandi:

1. Samstarf við Barka Foundation
2. Neyðargistirými Reykjavíkurborgar
3. Housing First
4. Stuðnings og ráðgjafarteymi til stuðnings fötluðu fólki með flóknar stuðningsþarfir
5. Nauðung í vinnu með fötluðu fólki.

Nefndin var sammála því að verkefni 1, 2 og 3 falli undir 11. gr. rgl. nr. 960/2010 og lagði til að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 21,5 m.kr. Nefndin hafnaði hins vegar verkefnum 4 og 5 en taldi mögulega að þau gætu fallið undir 4. gr. rgl. nr. 179/2016. Lagt var fram til kynningar „Gráu svæðin í velferðarþjónustunni“ 2016/16, Samband íslenskra sveitarfélaga.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

5. Skólabúðir að Reykjum

Samningur um rekstur

Lagt var fram minnisblað Jöfnunarsjóðs dags. 9. nóvember 2016 ásamt ýmsum öðrum skjölum er varða skólabúðirnar að Reykjum.

Í minnisblaðinu eru rakin ýmis atriði, allt frá flutningi grunnskólans yfir til sveitarfélaganna árið 1996, varðandi samninga, rekstur og aðkomu Jöfnunarsjóðs vegna Skólabúðanna að Reykjum. Í minnisblaðinu er lagt til að gildandi samningur frá 1. ágúst 2001 um rekstur búðanna verði tekinn til endurskoðunar líkt og gert var við aðra samninga frá þessum tíma, sem endurskoðaðir voru árin 2009 og 2010 þegar endurskoðun á gildandi reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga fór fram. Talið er mikilvægt að samningsaðilar hittist og skoði frekar ákvæði í gildandi samningi m.a. að teknu tilliti til þess að nýr aðili er kominn að rekstri búðanna.

Nefndin lagði til að málið yrði skoðað frekar á milli funda með fulltrúa Sambandsins og síðan yrðu málin rædd í nefndinni í kjölfarið.

6. Framlög vegna nýbúafræðslu

Tillaga að áætluðu framlagi 2017

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 9. nóvember 2016 ásamt yfirliti yfir áætlað framlag vegna nýbúafræðslu vegna fjárhagsársins 2017.

Jöfnunarsjóði hafa borist umsóknir frá verkefnisstjóra og kennsluráðgjafa í nýbúafræðslu vegna 2.079 nýrra Íslendinga sem njóta sérstakrar íslenskukennslu skólaárið 2016-2017. Þar af er áætlað að 2.017 nemendur komi til með að falla undir viðmið sjóðsins. Forsendur fyrir greiðslum sjóðsins eru að þá nemendur sem njóta sérstakrar íslenskukennslu sé að finna í Þjóðskrá og eigi lögheimili í því sveitarfélagi sem sækir um framlagið. Undanfarin ár hefur viðbótarframlagið, sem greitt er vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga, numið 130.000 kr. á ársgrundvelli á hvern nemenda. Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun áætlaðra framlaga vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga á árinu 2017, skv. 5. gr. reglugerðar nr. 351/2002.

Nefndin samþykkti að umfjöllun lokinni tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga á árinu 2017 samtals að fjárhæð 268,5 m.kr.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

7. Drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2017

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks á árinu 2017.

Greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks á árinu 2017 hefur lækkað frá því hún var lögð fram síðast. Óhafið framlag vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar hefur verið tekið til endurskoðunar og hefur framlagið lækkað um 10. m.kr.

Nefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks fyrir árið 2017 verði samþykkt.

8. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Tillaga að úthlutun 2016

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 8. nóvember 2016 yfir tillögu að úthlutun framlags vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar árið 2016.

Fram kom að umsóknir hefðu borist frá 9 þjónustusvæðum/sveitarfélögum vegna gerðra NPA samninga á árinu 2016. Samtals er um að ræða 53 samninga í samanburði við 55 samning á árinu 2015. Heildarfjárhæðir innsendra samninga eru tæpar 752 m.kr. og áætlað framlag á grundvelli 25% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs nemur því 187,9 m.kr.

Nefndin samþykkti að leggja til að framangreindar umsóknir vegna ársins 2016 væru teknar til greina og að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 187,9 m.kr.

9. Lengd viðvera

Tillaga að úthlutun 2016

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 8. nóvember 2016 yfir tillögu að úthlutun framlags vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda árið 2016.

Framlög vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda í 5.–10. bekk og fatlaðra framhaldskólanemenda fellur undir fjárhagsramma vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Fjármagn til ráðstöfunar nemur 89,0 m.kr., 70,0 m.kr. vegna grunnskólanemenda og 19,0 m.kr. vegna framhaldsskólanemenda. Fram kom að umsóknir hefðu borist vegna 215 fatlaðra grunnskólanemenda annars vegar á vorönn og hins vegar á haustönn 2016. Hvað

framhaldsskólanemendurnar varðar voru umsóknir 104 á vorönn og 103 á haustönn. Samtals fjölgaði umsóknum vegna grunnskólanemenda á árinu 2016 um 26 en umsóknum vegna framhaldsskólanemenda um 4.

Nefndin samþykkti að leggja til, að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins að fjárhæð 89 m.kr. og fjölda umsókna, að greiðsla vegna hvers grunnskólanemenda næmi 172.558 kr. á vorönn 2016 og 153.023 kr. á haustönn en vegna hvers framhaldsskólanemenda 96.827 kr. á vorönn og 86.699 kr. á haustönn 2016.

Nefndin telur tímabært að verkefnið verði kostnaðargreint að nýju, en það var síðast gert við flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaganna árið 1996. Mikið ber á milli greiðslna sjóðsins á framlögum vegna lengdrar viðveru og kostnaðar sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna hennar.

10. Framlög ársins 2017

Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 11. nóvember 2016 vegna reglugerðar um málefni fatlaðs fólks á árinu 2017. Til viðbótar fundargögnum voru lögð fram þrjú yfirlit yfir mismunandi sviðsmyndir fyrir reikniverk framlaga vegna reglugerðar ársins 2017.

Í minnisblaðinu er farið yfir stöðu mála hvað mót vegna þjónustu við fatlaða einstaklinga á árinu 2016 varðar. Þegar niðurstöðum úr endurmötum einstaklinga vegna ársins 2016 hefur verið skilað verða þær færðar inn í reiknilíkanið vegna framlaga ársins 2016. Endanlegt reiknilíkan ársins 2016 myndar þannig grunn fyrir reikniverk framlaga vegna reglugerðar ársins 2017. Það helsta sem skoða þarf fyrir reikniverk framlaganna vegna reglugerðar næsta árs er eftirfarandi:

A. Skipting ráðstöfunarfjármagns:

1. 85% skiptast eftir mælingu á útgjaldaþörf 2016 (SIS)
2. 14% skiptast eftir útsvari 2016
3. 1% skiptist eftir fjarlægðum innan svæða og fjölda sveitarfélaga.

B. Vegna mælingar á útgjaldaþörf:

1. Útgjaldaþörf reiknast vegna einstaklinga sem falla í 4. flokk.
2. Framlög eru skert ef raunkostnaður er lægri en 25% af einingakostnaði SIS flokks.

Nefndin lagði til að fundað yrði með fulltrúum Sambandsins, fyrir næsta fund nefndarinnar, um tillögu á blaði III. í framlögðum viðbótargögnum varðandi breytingar á regluverki útreiknings framlaganna um málefni fatlaðs fólks á árinu 2017.

11. Skálatún – Framlög til svæða með stórar rekstrareiningar Rekstrarstaða

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 8. nóvember 2016 ásamt áður framlögðu bréfi Skálatúns dags. 20. október 2016 um málefni heimilisins.

Starfsmaður sjóðsins greindi frá fundi sem hann átti með fulltrúum og endurskoðanda vistheimilisins Skálatúns þar sem farið var frekar ofan í alvarlega rekstrarstöðu heimilisins. Bent var á mikla raunlækkun framlaga Mosfellsbæjar til Skálatúns frá árinu 2010. Farið var yfir þróun framlaga sjóðsins annars vegar til Skálatúns og hins vegar til Mosfellsbæjar árin 2010 til 2015. Engin samningur hefur verið gerður á milli Skálatúns og Mosfellsbæjar síðan samið var um reksturinn árið 2014.

Lagt fram nefndinni til kynningar um stöðu mála og jafnframt tilkynnt um væntanlegan fund samningsaðila, Jöfnunarsjóðs og velferðarráðuneytis.

12. Umsókn um framlag vegna innra eftirlits
Reykjavíkurborg

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 8. nóvember 2016 ásamt bréfi Reykjavíkurborgar dags. 31. október 2016.

Í erindi Reykjavíkurborgar er sótt um framlag að fjárhæð 5. m.kr. vegna innra eftirlits með framkvæmd þjónustunnar við fatlað fólk árið 2016 sbr. 1. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 179/2016.

Nefndin samþykkti umsókn Reykjavíkurborgar um 5. m.kr. framlag vegna innra eftirlits með framkvæmd þjónustunnar við fatlað fólk sbr. 1. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 179/2016.

13. Undanþágur frá íbúafjölda þjónustusvæða
Samband íslenskra sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 8. nóvember 2016 ásamt afriti af bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga til velferðarráðuneytisins dags. 28. október 2016.

Í erindi Sambandsins til velferðarráðuneytisins eru sjónarmið Sambandsins í málinu rakin. Meðal annars er bent á að samkvæmt tillögu starfshóps sem endurskoðað hefur lög um málefni fatlaðs fólks og skilað var til ráðherra í október er lagt til að fallið verði frá því fyrirkomulagi að þjónustusvæði fyrir fatlað fólk innihaldi að lágmarki 8.000 íbúa.

Lagt fram nefndinni til kynningar.

14. Viðbótarframlög 2016
Sveitarfélagið Skagafjörður

Lagt var fram erindi Sveitarfélagsins Skagafjarðar dags. 9. nóvember 2016.

Í erindi Sveitarfélagsins Skagafjarðar er óskað eftir því að ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga endurskoði ákvörðun sína um 300 m.kr. úthlutun viðbótarframlags árið 2016 vegna málefna fatlaðs fólks sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 179/2016. Vísar sveitarfélagið í fundargerð nefndarinnar frá 21. september 2016 þar sem rætt hafi verið um mögulegt svigrúm til að hækka sérstaka viðbótarframlagið árið 2016.. Hvetur sveitarfélagið ráðgjafarnefnd sjóðsins til að endurskoða fyrri ákvörðun sína og hækka viðbótarframlagið enda sé full þörf á auknu fjármagni til málaflokksins. Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafi tekið á sig verulegan kostnað árin 2014 og 2015 og á árinu 2016 stefna gjöld sveitarfélaganna í að verða um 66 m.kr. umfram tekjur.

Eftir frekari umræðu komst nefndin að þeirri niðurstöðu að hækka ekki viðbótarframlagið frekar vegna ársins 2016 og að fyrri ákvörðun um 300 m.kr. sérstakt viðbótarframlag árið 2016 skyldi standa.

15. Tekjuauki Jöfnunarsjóðs vegna laga nr. 139/2013
Borgarbyggð

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 8. nóvember 2016 ásamt erindi Borgarbyggðar dags. 28. október 2016.

Í erindi Borgarbyggðar er skorað á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að afgreiða nú þegar tekjuauka sjóðsins, vegna laga nr. 139/2013 um tekjuaðgerðir ríkissjóðs, til sveitarfélaga skv. gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 m.s.b.

Nefndin mun bíða ákvörðunar nýs ráðherra með skiptingu fjármagnsins til sveitarfélaganna sbr. lög nr. 139/2013 en mun leggja áherslu á að fjármagninu verði úthlutað fyrir áramót.

16. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn 2. desember nk. kl. 11:00. Klukkan 14:00 þann sama dag verður fundur ráðgjafarnefndar með Grunni, félagi forstöðumanna skólaskrifstofa og grunnskólafulltrúa sveitarfélaganna.

Fundi var slitið kl. 16:30.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson